



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að notkun píp-prófa verði hætt.

Á fundi borgarráðs sem haldinn var 31. mars 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Tillaga um að hætt verði að framkvæma hin svokölluðu píp-próf í íþróttakennslu. Dæmi eru um að börn hafi ofreynt sig í ákafa um að reyna að standa sig vel á svokölluðum píp-prófum í íþróttakennslu í grunnskólum. Mörg börn upplifa vanlíðan og kvíða fyrir umræddum prófum og á meðan á þeim stendur. Þá upplifa mörg börn það sem niðurlægingu þegar þau detta út úr píp-prófunum í viðurvist skólafélaga sinna. Um þetta hefur umboðsmaður barna tjáð sig, m.a. í bréfi til mennta- og barnamálaráðherra. Píp-próf eru þol- og hlaupapróf sem framkvæmd eru þannig að nemendur hlaupa fram og til baka í íþróttasal skólans þar sem tíminn milli lota er stöðugt stytur. Þeir sem ekki ná að hlaupa salinn á enda á tilskildum tíma verða að setjast niður og fylgjast með þar til aðeins einn stendur eftir. Það skal nefnt að próf þessi eru ekki notuð í öllum skólum. Þessi próf valda mörgum börnum kvíða og eru letjandi í stað hvetjandi. Börn eiga að fá tækifæri til að stunda hreyfingu á eigin forsendum. Í þessu máli verður Reykjavíkurborg og skóla- og frístundasvið að beita sér enda skal ávallt hafa hagsmuni barna að leiðarljósi í hvívetna.

Umsögn:

Samkvæmt kafla 9.1 í aðalnámskrá grunnskóla er megintilgangur námsmats að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Námsmat á að veita nemendum, foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um gengi nemenda í námi; hæfni, vinnubrögð og framfarir sem hægt er að hafa að leiðarljósi við að skipuleggja næstu skref í náminu. Í kafla 23.3 í aðalnámskránni er fjallað sérstaklega um kennsluhætti og námsmat í skólaíþróttum og hvernig námsmat í skólaíþróttum getur verið *greinandi mat* til að greina námsvanda nemenda, *stöðumat* til að kanna stöðu nemanda við upphaf náms, *leiðsagnarmat* til að fylgjast með stöðu nemenda og nota þær upplýsingar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu og *lokamat* sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma. Í skólanámskrá sinni birta skólar nánari útfærðslu á ákvæðum aðalnámskrár og þar á meðal upplýsingar um námsmat skólans og vitnisburðarkerfi í skólaíþróttum sem og öðrum námsgreinum og -sviðum.

Eins og fram kemur í ofangreindri tillögu sendi umboðsmaður barna mennta- og barnamálaráðherra erindi dags. 23. mars 2022 um sama mál þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort ráðuneytið hygðist taka þetta fyrirkomulag til skoðunar og bregðast við athugasemdum og sjónarmiðum barna vegna þessa. Jafnframt kom fram að umboðsmaður barna taldi að þessar matsaðferðir gengu þvert á markmið aðalnámskrár um að styrkja sjálfsmynd barna og hvetja þau til markvissrar hreyfingar og þátttöku í heilsuefandi íþróttum.



Umboðsmanni barna barst [svar frá mennta- og barnamálaráðuneytinu](#) við ofangreindu erindi dags. 4. maí 2022 og er svarbréfið að finna á heimasíðu umboðsmanns. Í svarbréfinu er rífað upp að heilbrigði og velferð séu einn af grunnþáttum í skólalífinu samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Með markvissri og fjölbreyttri hreyfipjálfun í grunnskólum sé lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda og heilsueflingu og líkamsrækt til lífstíðar. Minnt er á að ætlast sé til að hver skóli semji skólanámskrá þar sem gerð er grein fyrir hvernig skólinn nýti það svigrúm sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólafélaga sveitarfélaga veita, þ.m.t. hvernig námsmati sé háttáð. Margir íþróttakennarar velji að nýta s.k. píp-test til að meta þol nemenda en það sé ekki skylt skv. aðalnámskrá. Ráðuneytið bendir á að á bls. 188 í aðalnámskrá grunnskóla sé fjallað um að einhverjum nemendum geti liðið illa í skólaíþróttum eða að þeir geti ekki fylgt hópnum í þeirri grein. Kennari þurfi að finna þessum nemendum verkefni við hæfi í kennslustundum eða í sérstökum kennslustundum og bent á að vel hafi gefist að bjóða nemendum sem ekki finna sig í almennum íþróttatímum til sérstakra æfingatíma í smærri hópum sem taka tillit til getu og stöðu hvers og eins. Ráðuneytið bendir jafnframt á að próf í öllum námsgreinum geti valdið kvíða og haft áhrif á líðan nemenda. Skólum beri að taka tillit til þessa við útfærslu og fyrirkomulag prófa og að nýta það svigrúm sem aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla veita.

Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra SFS dags. 2. mars 2022 varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um breytt einkunnakerfi í íþróttakennslu og breytingatillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna frá 229. fundi skóla- og frístundaráðs um sama mál.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um breytt einkunnakerfi í íþróttakennslu

Á fundi borgarstjórnar sem haldinn var 8. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga Núma Hrafns Baldurssonar frá ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að innleiða vinnueinkunn í íþróttum í stað núverandi einkunnarkerfis í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Lagt er til að breytingarnar taki gildi eigi síðar en á vorönn 2023.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Samkvæmt kafla 9.1 í aðalnámskrá grunnskóla er megintilgangur námsmats að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er jafnframt hægt að stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á að veita nemendum, foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólafyrirvöldum upplýsingar um gengi nemenda í námi; hæfni, vinnubrögð og framfarir sem hægt er að hafa að leiðarljósi við að skipuleggja næstu skref í náminu. Í kafla 23.3 í aðalnámskránni er fjallað sérstaklega um kennsluhætti og námsmat í skólaíþróttum og fjallað um hvernig námsmat í skólaíþróttum getur verið greinandi mat til að greina námsvanda nemenda, stöðumat til að kanna stöðu nemanda við upphaf náms, leiðsagnarmat til að fylgjast með stöðu nemenda og nota þær upplýsingar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma.

Í skólanámskrá hvers skóla gera skólar grein fyrir því hvernig þeir nýta það svigrúm sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna sveitarfélagsins býður upp á. Í skólanámskrá sinni birta skólar nánari útfærðslu á ákvæðum aðalnámskrár og þar á m.a. að birta upplýsingar um námsmat skólans og vitnisburðarkerfi. Grunnskólar borgarinnar hafa þannig nokkuð svigrúm til að laga sitt starf að sérstöðu og staðbundnum aðstæðum og gera í sinni skólanámskrá grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til náms og kennslu.

Skóla- og frístundasvið hefur útvegað grunnskólum borgarinnar ramma að skólanámskrá og starfsáætlun sem skólar geta nýtt sér. Skóla- og frístundasvið hefur reglulega farið yfir starfsáætlanir og skólanámskrár til að tryggja að hvort tveggja uppfylli þau skilyrði sem lög og aðalnámskrá segja til um. Skóla- og frístundasvið hefur ekki sett fram samræmt einkunnakerfi í grunnskólum borgarinnar heldur hafa kennarar í hverjum skóla sett fram markmið náms í samræmi við hæfniviðmið og matsviðmið aðalnámskrár grunnskóla.

Skóla- og frístundasvið hefur þannig ekki heimild til að innleiða vinnueinkunn í íþróttum í stað núverandi einkunnakerfis en getur hvatt skóla til að nýta það svigrúm sem aðalnámskrá grunnskóla veitir til að hafa námsmat í skólaíþróttum eins fjölbreytt og ákvæði aðalnámskrár gefa svigrúm til.

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna

Lagt er til að skóla- og frístundasvið hvetji skólastjórnendur og kennara í grunnskólum til að nýta það svigrúm sem aðalnámskrá grunnskóla veitir til fjölbreytilegs námsmats í skólaípróttum. Í aðalnámskrá segir í kaflanum um skólaípróttir að megintilgangur námsmats sé að afla upplýsinga sem hjálpa nemandanum við námið, örva hann og hvetja til að leggja sig fram. Námsmatið á einnig að vera leiðarljós við frekari skipulagningu náms. Mikilvægt er að kennarar nýti sér fjölbreyttar aðferðir við námsmatið enda þjónar matið mismunandi tilgangi. Námsmat í skólaípróttum getur verið greinandi mat til að greina námsvanda nemenda, stöðumat til að kanna stöðu nemanda við upphaf náms, leiðsagnarmat til að fylgjast með stöðu nemenda og nota þær upplýsingar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma.